



Til: "Skúli Thoroddsen" <Skuli.Thoroddsen@os.is>, linda@os.is

Efni: Fw: Beiðni um umsögn um umsókn Orkusölnunnar ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 8-10 vatnasviði Bessastaðaár í Fljótsdal

Upplýsingar: Sent: 27.02.2018 15:35:00 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2018020020, Bréfalyklar: 42-0 Ums almennt

Tilvísun í mál: 2018020020

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 6. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Orkusölnunnar ehf. um rannsóknaleyfi vegna áætlana um 8-10 MW virkjunar á vatnasviði Bessastaðaár í Fljótsdal, Fljótsdalshreppi.

Í erindinu kemur fram að Bessastaðaárveita var áður hluti af hugmyndum um Kárahnjúkavirkjun. Jafnframt kemur fram að í úrskurði umhverfisráðherra frá 1. ágúst 2001 var fallist á Kárahnjúkavirkjun með skilyrðum þ.m.t. að fallið yrði frá Bessastaðaárveitu. Í erindinu kemur enn fremur fram að núverandi hugmyndir eru frábrugðnar fyrri áætlunum.

Virkjunin á að vera 8-10MW. Verði hún 10 MW fellur hún bæði undir A flokk 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum og undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011. Auk þessa hlýtur að þurfa að skoða hvaða áhrif framangreindur úrskurður hefur, m.t.t. þess að heimila orkurannsóknir og hugsanlega orkuvinnslu. Úrskurðurinn var á sínum tíma hluti af því að draga úr umhverfisáhrifum Kárahnjúkavirkjunar.

Náttúrufræðistofnun telur, komist Orkustofnun að þeirri niðurstöðu að umræddur úrskurður hafi ekki áhrif á leyfi til rannsókna, þá falli þessi virkjunarkostur undir 3. og 4. mgr. 5. gr. laga nr. 48/2011 þ.e. að einungis megi heimila rannsóknirnar sem ekki eru leyfisskyldar enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða hugsanlega háðar mati á umhverfisáhrifum. Einnig telur Náttúrufræðistofnun að taka fullt tillit til laga um náttúruvernd s.s. um akstur utan vega o.fl.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)
212 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is



Bréf

Beiðni um umsögn um umsókn Orkusölnunnar ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 8-10 MW á vatnasviði Bessastaðaár í Fljótsdal

Málsnúmer: 2018020020

Númer skjals:

Skráð: 12. febrúar 2018

Eigandi skjals: Trausti Baldursson

Auðkenni

Efnisflokkur skjals:

Dagsetning skjals:

Staðsetning skjals:

Fyrirtæki: Orkustofnun

Nafn: Skúli Thoroddsen

Vinnsla

Staða: Lokið

Geymslustaður skjals:

Beiðni um umsögn um umsókn Orkusölnunnar ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um 8-10 MW á vatnasviði Bessastaðaár í Fljótsdal

Viðhengi:



- 20180212125240445.tif